

Grenndarkynning Leirutangi 10

Málsaðili : Ásgrímur Haukur Helgason
Tengiliður :
Dagsetning : 16.05.2018
Númer : 201712230
Flokkur :

Efni :

7. desember 2017 sækir Ásgrímur Haukur Helgason um byggingarleyfi fyrir því að hækka rishæð hússins nr. 10 við Leirutanga og innrétta þar íbúðarrými og geymslu.

Málið var tekið fyrir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 18. desember 2017 og eftirfarandi bókun gerð: "Byggingarfulltrúi óskar eftir umsögn skipulag nefndar um erindið." Á 452. fundi skipulagsnefndar 5. janúar 2018 var málið tekið fyrir og eftirfarandi bókun gerð: "Skipulagsnefnd samþykkir að erindið verði grenndarkynnt þegar fullnægjandi gögn hafa borist." Ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið og var það ástæða þess að byggingarleyfisumsókn var grenndarkynnt sbr. 44. gr. skipulagslaga.

Byggingarleyfisumsóknin var grenndarkynnt frá 12. mars til 9. apríl 2018, athugasemdir bárust. Málið var tekið fyrir eftir grenndarkynningu á 452. fundi skipulagsnefndar 27. apríl 2018. Á þeim fundi var samþykkt að vísa athugasemdum til skoðunar hjá skipulagsfulltrúa og lögmanni bæjarins. Þeim var falið að leggja fram tillögu að viðbrögðum við framkomnum athugasemdum.

Undirritaðir hafa farið í gegnum athugasemdir sem bárust. Athugasemdir beindust flestar að fyrirhugaðri hæð hússins eins og hún er kynnt í grenndarkynningu. Jafnframt lýsa þeir sem athugasemdir gerðu, áhyggjum sínum af hugsanlegu skuggavarpi af fyrirhugaðri byggingu. Eins og áður segir er ekki til deiliskipulag fyrir svæðið en til eru skipulags- og byggingarskilmálar fyrir svæðið sem samþykktir voru í skipulagsnefnd Mosfellshrepps 19. maí 1981. Í þeim skilmálum kemur ma. fram að mesta hæð á þaki yfir hæð á aðalgólfi sé 660 sm. Í tillögu þeirri sem kynnt var er hæð húss frá aðalgólfi 731,5 sm. sem ekki er í samræmi við áðurnefnda skipulags- og byggingarskilmála.

Tillaga undirritaðra er sú að í ljósi þess að auglýst tillaga er ekki í samræmi við skipulags- og byggingarskilmála frá 1981 verði byggingarleyfisumsókn grenndarkynnt að nýju þar sem tillaga að hæð hússins fari ekki yfir 660 sm. sbr. ákvæði í skipulags- og byggingarskilmálum.

Ólafur Melsted, skipulagsfulltrúi

Heiðar Örn Stefánsson, lögmaður

